



Frétt um IN SITU

Verkefni innan European Horizon work programme 2021-2022
- Culture, creativity, and inclusive society

Áhrif skapandi greina á nýsköpun

*IN SITU er nýtt alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem Háskólinn á Bifröst er aðili að og hefur hlotið **64 milljónir króna** styrk úr Horizon Europe rannsóknasjóði Evrópusambandsins.*

Tilgangur rannsóknarinnar er að auka skilning á formgerð, ferlum og stjórnun fyrirtækja í skapandi greinum sem staðsett eru í dreifbýli í Evrópu. Skoðað verður hvernig efla megi nýsköpun hjá frumkvöðlum og fyrirtækjum í skapandi greinum og stuðla með því móti að aukinni samkeppnishæfni og sjálfbærni landsbyggða.

Nancy Duxbury, fræðikona við University of Coimbra háskólann í Portúgal leiðir verkefnið.

Mikilvægi skapandi greina hefur farið vaxið víða um heim undanfarinn áratug. Staða þessara greina er þó enn viðkvæm þar sem skort hefur á rannsóknir og stefnumótun sem tekur mið af þörfum, sérstöðu og sóknarfærum geirans. **Auknar rannsóknir innan skapandi greina benda til þess að nýsköpun þróist með öðrum hætti í dreifbýli en í borgum.**

Markmið verkefnisins er að auka þekkingu sem byggð er á bæði reynslu og hugmyndafræðilegri innsýn og getur nýst jafnt skapandi greinum sem fræðimönnum og stefnumótandi aðilum.

Erna Kaaber, sérfræðingur í menningarstefnu, leiðir af hálfu Háskólans á Bifröst íslenska rannsóknarhluta IN SITU ásamt dr. Vífli Karlssyni, prófessor og Önnu Hildi Hildibrandsdóttur, fagstjóra skapandi greina.

Rannsóknir á vegum verkefnisins fara fram á tilraunasvæðum í 6 Evrópulöndum eða í Portúgal, Finnlandi, Lettlandi, Króatíu, Írlandi og á Íslandi. Skoðað verður hvort og hvernig hægt sé að stuðla að sjálfbærni í rekstri, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu í dreifbýli.

Kjarni rannsóknarinnar á Íslandi felst í að koma upp tilraunastofu á Vesturlandi þar sem unnið verður með einstaklingum og fyrirtækjum í skapandi greinum og skoðað hvernig styrkja megi starfsgrundvöll þeirra til framtíðar litið.

Samstarfsaðilar Háskólans á Bifröst á Íslandi í IN SITU eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Breið þróunarfélag. Að verkefninu koma í heild sinni 13 samstarfsaðilar frá 12 löndum. Heildarstyrkur þess nemur samtals 555 milljónum króna til fjögurra ára.

IN SITU er svar við rannsóknarkalli HORIZON-CL2-2021-HERITAGE-01-03: Menning og skapandi greinar sem drifkraftur nýsköpunar og samkeppnishæfni. Stefnt er að því að niðurstöður verkefnisins nýtist í stefnumótun fyrir evrópska menningu og skapandi greinar í dreifbýli.

Frekari upplýsingar eru á vefsíðu verkefnisins: <https://insituculture.eu/>
Einnig á vef Evrópusambandsins: <https://cordis.europa.eu/project/id/101061747>

***Nánari upplýsingar veita Erna Kaaber, s. 820 7121, insitu@bifrost.is
og Anna Hildur Hildibrandsdóttir, s. 866 7555, annah@bifrost.is***

Ítarupplýsingar um Horizon áætlunina

Horizon Europe áætlunin styrkir samstarfsverkefni milli landa í rannsóknum, þróun og hagnýtingu þekkingar og nýsköpun. Áherslur samstarfsáætlunarinnar fyrir tímabilið 2021-2027 eru á sviði rannsókna, þróunar og menntunar og tengslum þessa þátta við atvinnusköpun, samkeppnishæfni, og þarfir íbúa. Þátttaka í samstarfsverkefni Horizon Europe gerir Háskólanum á Bifröst kleift að stunda rannsóknir á staðbundnu samhengi menningar og skapandi greina, stefnumótun og áhrifum nýsköpunar í dreifbýli ásamt uppbyggingu á alþjóðlegu tengslaneti.